

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 400/1989. **Jón Á. Steinsson**

gegn

Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta og

Jóni Egilssyni héraðsdómslögmanni.

Fjárnámssgerð felld úr gildi. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1989. Málinu var áður áfrýjað með stefnu 17. júlí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár. Útivistardómur gekk í málinu 2. október 1989. Áfrýjað er fjárnámssgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 10. febrúar 1989, í eign áfrýjanda að kröfu Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns f. h. Kökuvals hf. hér í borg samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð var um aðfararhæfi á bæjarþingi Reykjavíkur 2. maí 1986.

Áfrýjandi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði ómerkt og felld úr gildi, og verði stefndi Jón Egilsson héraðsdómslögmaður dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Á hendur Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta eru engar kröfur gerðar.

Kröfu sína um, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði ómerkt og felld úr gildi, reisir áfrýjandi á því, að hún hafi verið gerð í nafni fyrirtækis, sem ekki hafi þá verið til. Einnig er krafa áfrýjanda reist á því, að fjárnámssgerðin hafi beinst að aðila, sem ekki hafi verið dómþoli bæjarþingsdómsins. Þá sé kröfum beint að Jóni Egilssyni héraðsdómslögmanni, þar sem hann hafi mætt fyrir fógetaréttinum við fjárnámssgerðina af hálfu gerðarbeiðanda og því óhjákvæmilegt að beina kröfum að honum, þar sem Kökuval hf. hafi ekki verið til.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt gögn, þar sem fram kemur, að bú Kökuvals hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 23. mars 1988 og að skiptameðferð lauk 21. desember 1988, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Er

ekki fram komið, með hvaða hætti hin áfrýjaða fjárnámsgerð mátti ná fram að ganga í nafni Kökuvals hf.

Á bæjarþingi Reykjavíkur var ekki sótt þing af hálfu stefndu í áskorunarmáli því, sem fjárnámsgerðin byggðist á.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Málkostnaður í máli þessu fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. febrúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 10. febrúar, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Júlíusi Guðmundssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A 587/1989: Kökuval hf. gegn Jóni Á. Steinssyni. Mál þetta var síðast tekið fyrir 2. febrúar sl. Skjöl málsins liggja frammi svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Egilsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 32.000 með 75% mánaðarv. af kr. 12.000 frá 1.10. '85 til 1.11. '85, af kr. 32.000 frá þ. d. til 1.3. '86, en 2,75% frá þ. d. til greiðsludags, kr. 9.300,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2.025 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis gerir fógeti fjárnám í kröfu gerðarþola í skuldafrágöngubú, nr. 11/86, Kristins Björgvins Steinþórssonar Árdals. Krafan er að fjárhæð kr. 2.582.011 og hefur verið samþykkt. Fjárnám er gert að svo miklu leyti sem nægir til greiðslu dómskröfunnar. Gerðarþoli kveðst ekki eiga aðrar eignir til að benda á. Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.